

Akureyrarbær
Geislagata 9
600 Akureyri

Akureyri, 22. desember 2021
UST202112-262

Umsögn vegna breytingar á legu stígar og staðsetningu brúar á Lambá í Glerárdal

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Akureyrarbæjar þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um breytingu á legu stígar um Glerárdal frá svokölluðu Súluplani að skálanum Lamba. Í erindi bæjarins kemur fram að ástæður breytinganna séu fyrst og fremst að staðsetning eldri brúar yfir Lambá er mjög erfið sökum snjóalaga og vatnafars sem hefur valdið miklu tjóni í gegnum tíðina.

Fólkvangurinn í Glerárdal er friðlýstur með auglýsingu 585/2016 í Stjórnartíðindum. Markmið friðlýsingarinnar er að vernda Glerárdal og aðliggjandi fjalllendi til útivistar fyrir almenning, náttúruskoðunar og fræðslu. Stuðla skal að varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og breytileika jarðmyndana. Akureyrarbær fer með umsón fólkvangsins. Í 7. gr. auglýsingar er fjallað um landnotkun og mannvirkjagerð en þar segir að „allar framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi, innan fólkvangsins eru háðar leyfi bærstjórnar Akureyrarkaupstaðar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010 og Umhverfisstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013. Framkvæmdir skulu vera í samræmi við samþykkt skipulag og stjórnunar- og verndaráætlun, en svæðið skal skipulagt til almennrar útivistar. Bærstjórn Akureyrarkaupstaðar, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun og í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun, mun framkvæma nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, svo sem með lagningu göngustíga, gerð áningarstaða og uppsetningu fræðsluskilta þar sem því verður við komið.“

Það er mat Umhverfisstofnunar, að höfðu samráði við Jón Birgir Gunnarsson hjá Akureyrarbæ að breyting á legu stígarins muni ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins, líffræðilega fjölbreytni þess eða fjölbreytileika jarðmyndana. Framkvæmdin er til þess að bæta vinsæla gönguleið um dalinn og tryggja öryggi innviða til lengri tíma og þannig mun framkvæmdin þjóna markmiði friðlýsingarinnar um að fólkvangurinn sé aðgengilegur til útivistar.

Það er því mat Umhverfisstofnunar að breytingin, sem hér um ræðir, fari hvorki gegn ákvæðum friðlýsingar Glerárdals né stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

Matið er í samræmi við leyfi Umhverfisstofnunar vegna fyrsta áfanga stígagerðar frá Súluhlani að Lamaba skv. máli nr. UST201810-160.

Umhverfisstofnun bendir á að í umsögn þessari felst ekki leyfi til framkvæmda í samræmi við lýsingu í bréfi Akureyrarbæjar. Umhverfisstofnun óskar eftir að umsókn verði send stofnuninni þar sem fram kemur staðsetning göngubrúar, fyrirkomulag framkvæmdarinnar, efnisval og með hvaða hætti efni verður flutt á framkvæmdarstað.

Virðingarfyllst

Davíð Örvar Hansson
Sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur